



Minnisblað

Til: Ástu Valdimarsdóttur ráðuneytisstjóra heilbrigðisráðuneytis
Frá: Guðlaugu Rakel Guðjónsdóttur s. forstjóra og farsóttanefnd Landspítala
Dags.: 15.10.2021
Efni: Áhættumat fyrir Landspítala vegna COVID-19

Forsaga

Í minnisblaði sem Páll Matthíasson fyrrv. forstjóri sendi ráðuneytinu dags. 2. október 2021 var gerð ítarleg grein fyrir stöðunni á Landspítala vegna COVID og horfum ef ástandið í faraldrinum versnar. Því verður hér aðeins gerð stutt grein fyrir stöðunni og helstu viðmið um getu spítalans lögð fram með tilteknum fyrirvörum.

Staða faraldurs COVID-19 er um þessar mundir með þeim hætti að um 20-60 einstaklingar greinast á degi hverjum og sinnir COVID-19 göngudeild Landspítala eftirliti með ríflega 500 einstaklingum. Mikill fjöldi þeirra (u.þ.b. 200) eru börn sem í flestum tilfellum eru lítið veik. Einstaklingar í eftirliti eru metnir m.t.t. áhættu af því að veikjast alvarlega og eftirlit er skipulagt með hliðsjón af því. Á Landspítala eru nú þrír sjúklingar með virkt COVID smit, allir á legudeild, einn sjúklingur er væntanlegur í dag.

Aðflæði að Landspítala er með nokkuð hefðbundnu móti og innlagnapungi í réttu hlutfalli. Allar bráðalegudeildir eru nýttar um og yfir 100% og afar lítið svigrúm fyrir aukaálag. Talsverður fjöldi sjúklinga (20-40) bíður á degi hverjum innlagnar á bráðamóttöku við ófullnægjandi aðstæður.

Viðbragðsáætlun Landspítala

Áætlanir Landspítala gera ráð fyrir breytingum á starfsemi spítalans í takti við innlagnapunga vegna COVID-19 (sjá meðfylgjandi töflur). Það gildir nú sem fyrr að útfærsla þessarar áætlunar er áskorun hvað varðar aðstreymi sjúklinga og mönnun.

Tvennt utan áhrifa Landspítala er forsenda þess að unnt sé að virkja áætlun vegna vænts álags vegna COVID-19; annars vegar að dragi úr innlögnum vegna annarra vandamála og hins vegar að útskriftir þeirra sem lokið hafa meðferð gangi fljótt og vel.

Áhættumat

Landspítali starfar nú á óvissustigi vegna COVID-19 faraldurs. Næsta stig er hættustig. Við tiltekna aðstæður mun Landspítali endurskoða stigun spítalans.

Nú eru sex legurými á smitsjúkdómadeild frátekin fyrir sjúklinga með COVID-19. Þegar fjöldi sjúklinga fer upp fyrir þetta þá er hægt að leggja allt að sex COVID sjúklinga á lungnadeild með því að flytja aðra



sjúklinga þaðan. Þá þarf að rýma smitsjúkdómadeildina og útbúa pláss fyrir 17 sjúklinga þar. **Þegar í þetta ástand stefnir verður stígun spítalans endurskoðuð.**

Gjörgæsludeildin í Fossvogi getur að öllu jöfnu tekið einn til tvo COVID sjúklinga en verði þeir þrír þarf að draga úr valkvæðum aðgerðum. Sama gildir með gjörgæsluna á Hringbraut sem tekur næstu þrjá sjúklinga og þá dregur um leið enn frekar úr valkvæðum aðgerðum. **Þegar þessi staða er uppi verður stígun spítalans endurskoðuð.**

Á barnadeild er við venjulegar aðstæður hægt að leggja tvö börn með COVID en allt umfram það þarfnast endurskipulagningar og verulegra tilfærslna. **Stígun verður endurskoðuð sé þessi staða uppi** en þá í samhengi við getu annarra eininga (smitsjúkdómadeildar fyrir unglunga og framboð gjörgæslurýma).

COVID göngudeild er um þessar mundir að draga úr þjónustu við smituð börn og fjölskyldur þeirra og mun einbeita sér að veikum fullorðnum. Þar er hægt að stýra þjónustustiginu eftir aðstæðum hverju sinni og vigtar fjöldi í göngudeild ekki þungt inn í breytingu á stígun einn og sér. Þegar fjöldi í eftirliti fer yfir 600 þarf göngudeildin að draga til sín starfsfólk annarra eininga og fjölga bakvörðum.

Greiningargeta veirufræðideildar er fullnægjandi og birgðastaða er góð.

Niðurstaða

Þeir þættir sem vigta mest hvað varðar þolmörk og stígun spítalans eru mönnun og framboð legurýma. Einnig munu mögulegir faraldrar annarra smitsjúkdóma hafa áhrif á getu spítalans til að fylgja viðbragðsáætlun þeirri sem hér er gerð grein fyrir. RS veirufaraldur getur valdið miklu álagi á barnaspítalann og gjörgæsludeildir og slæmur Inflúensufaraldur velur álagi á allt spítalakerfið.

Mikilvægt er að halda til haga áhrifum fjölgunar COVID innlagna á aðra starfsemi. Ef spítalinn fer á hættustig er nauðsynlegt að flytja fjölda starfsmanna til og draga um leið úr annarri starfsemi; aðgerðum og meðferð sem ekki er lífsnauðsynleg. Það leiðir til fjölgunar á biðlistum og óhjákvæmi-legum töfum á ýmiss konar meðferð.

Við þær aðstæður að þolmörkum spítalans er náð er mikilvægt að skoða leiðir til að hægja á útbreiðslu faraldursins, draga úr virkni samfélagsins og þannig innlagnabunga. Þá er lykilatriði að sjúklingar sem lokið hafa meðferð geti útskrifast í önnur úrræði og að allar heilbrigðisstofnanir (sérstaklega hjúkrunarheimili) séu í stakk búnar til að sinna sjúklingum með COVID-19 sem þarfnast ekki sérhæfðar meðferðar.

Virðingarfyllst,

Guðlaug Rakel Guðjónsdóttir

Guðlaug Rakel Guðjónsdóttir

settur forstjóri Landspítala

Virkjun gjörgæslurýma og legudeilda

Gjörgæslur

Heiti deildar	Fjöldi rúma Stig 1A	Fjöldi rúma Stig 1B	Fjöldi rúma Stig 2	Fjöldi rúma Stig 3	Athugasemdir
Gjörgæsla Fossvogi	3	10	10	10	1A. Stæði 4-6 nýtt fyrir C19 sjúklinga. Stæði 1 fyrir obs covid. Önnur stæði fyrir non covid sjúklinga. 1B og 2. Gjörgæslan verður farsóttareining. Stæði 1 áfram fyrir obs covid. Allir aðrir gjörgæslusjúklingar fara á vöknun eða á gjörgæslu Hringbraut.
Gjörgæsla Hringbraut	3	8	8	8	1A. Stofa 3 notuð fyrir C19 sjúklinga og stofa 2 sem gætt. 1B og 2. Stofa 4 einnig teki undir C19 sjúklinga. Stofa 1 og 5 notaðar fyrir aðra sjúklinga, m.a. obs covid.
Vöknun Fossvogi			8	8	2. Vöknun tekin undir C19 smitaða. Setja þarf upp vöknunarrými á skurðstofugangi og draga úr skurðstofustarfsemi í samræmi við það.
Vöknun Hringbraut				6	3. Vöknun tekin undir C19 smitaða. Setja upp vöknunarrými á skurðstofugangi og nýta skurðstofur og vöknun á kvennadeild. Setja þarf upp aðstöðu til að fara í og úr hlífðarfatnaði fyrir framan vöknunardeildina.
Skurðstofur Fossvogi				6	3. Taka fjórðu hæðina undir gjörgæslu. Hægt að hafa 2 sjúklinga inni á skurðstofum 5 og 7 en einn á 6 og 8 Fimmta hæðin fyrir akút aðgerðir. Vöknun verður á móttökuherbergi og útskoti á gangi E5.
Skurðstofur Hringbraut				7	3. Móttaka nýtt fyrir vöknun og valdar skurðstofur fyrir covid veika sjúklinga.
SAMTALS RÚM	6	18	26	45	

Legudeildir

COVID19 VIÐBRAGÐSDEILDIR Í FOSSVOGI								ATHUGASEMDIR
Nr viðbragðsdeildar	Heiti deildar	Fjöldi rúma STIG 1A	Fjöldi rúma STIG 1B	Fjöldi rúma STIG 1C	Fjöldi rúma STIG 2A	Fjöldi rúma STIG 2B	Fjöldi rúma STIG 3	
VD1	A7	3	6	17	17	17	17	3-18 almenn með rými detta út
VD2	A6	0	6	15	15	15	15	12-38 almenn með rými detta út
VD3	B7	0	0	8	14	14	14	52 almenn með rými detta út
VD4	B5	0	0	0	8	8	15	18 rúm fyrir bæklun fara annað (A5)
VD5	A4						15	18 rúm fyrir HNE, æða, lýta fara annað (A5, B6)
VD6	B2						15	20 rúm fyrir tauga flytja á Grensás 3.hæð
VD7	A2							aðeins í neyð
VD8	B6							ekki notuð
Samtals rúm		3	12	40	54	54	91	
Áhrif á starfsemi		1	3	4	5	5	5	

